

Samanburður á nógildandi samþykkt fyrir hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar og tillögu Hverfisráðs Eyrarbakka að nýrri samþykkt

<p style="text-align: center;">Nógildandi Samþykkt fyrir Hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar</p>	<p style="text-align: center;">Tillaga að nýrri Samþykkt fyrir hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar</p>
<p style="text-align: center;"><i>Umboð</i></p>	<p style="text-align: center;"><i>Umboð</i></p>
<p style="text-align: center;">1. gr.</p> <p>Hverfisráð starfa í umboði bæjarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og eftir því sem lög mæla fyrir um.</p> <p>Hverfisráð starfa á Eyrarbakka, Selfossi, Stokkseyri og í fyrrum Sandvíkurhreppi.</p>	<p style="text-align: center;">1. gr.</p> <p>Hverfisráð starfa í umboði bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og eftir því sem samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.</p> <p>Hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar skulu vera fjögur talsins og starfa á Eyrarbakka, Selfossi, Stokkseyri og fyrrum Sandvíkurhreppi.</p>
<p style="text-align: center;"><i>Verksvið</i></p>	<p style="text-align: center;"><i>Verksvið og markmið</i></p>
<p>2. gr.</p> <p>Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan svæðis, móta stefnu og gera tillögur til bæjarráðs sem varða verksvið þeirra.</p> <p>3. gr.</p> <p>Hverfisráð eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun svæðanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir stjórnslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs á sínum svæðum.</p>	<p style="text-align: center;">2. gr.</p> <p>Markmið hverfisráða eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi hverfi. • Að vera vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs á sínu nærsvæði og bæjarstjórnar. • Að vera vettvangur fyrir íbúa hverfis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun Sveitarfélagsins Árborgar innan viðkomandi hverfis. • Að gera tillögur til bæjarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi hverfis. • Að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis. • Að vera ráðgefandi fyrir stjórnslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs í sínum hverfum. • Að tengja stjórnkerfi sveitarfélagsins betur íbúum þess og nýta þekkingu þeirra á sínu nánasta umhverfi. <p>Hverfisráð fá til kynningar nýjar aðal- og deiliskipulagsáætlanir í viðkomandi hverfi áður en þær eru auglýstar til umsagnar. Þannig hafa ráðin tækifæri til að hafa áhrif á</p>

	<p>endanlega útgáfu skipulagstillögunnar áður en hún fer í almennt umsagnarferli.</p> <p>Einnig skal leitast við að fá umsögn hverfisráða um stærri framkvæmdir og meginbreytingu á þjónustu á þeirra starfssvæði áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar þar um í bæjarstjórn. Gangi það ekki eftir skal ákvörðun um stærri framkvæmdir og meginbreytingar á þjónustu send hverfisráðum.</p>
<i>Skipan</i>	<i>Skipan</i>
<p>4. gr.</p> <p>Hverfisráð eru skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn og einum til fimm varamönnum. Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir í hverfisráð.</p> <p>Bæjarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna nefndarmanna. Hverfisráð skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil hverfisráða er eitt ár.</p> <p>Framboðslistar, sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki í hverfisráðum, geta tilnefnt áheyrnarfulltrúa til setu í hverfisráðum með málfrelsi og tillögurétt.</p>	<p>3. gr.</p> <p>Hverfisráð eru skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn og tveimur varamönnum. Bæjarstjórnamenn eru ekki kjörgengir í hverfisráð.</p> <p>Bæjarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hverfisráðsmanna. Hverfisráð skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil hverfisráða er tvö ár.</p> <p>Að auki skipar bæjarstjórn tvo bæjarfulltrúar til setu á fundum hvers hverfisráðs og hafa þeir þar málfrelsi, en ekki tillögu- eða atkvæðisrétt. Hlutverk þeirra er að vera til ráðgjafar og veita upplýsingar um þau mál sem til umfjöllunar eru á fundum hverfisráðanna og snerta viðkomandi hverfi.</p> <p>Varamenn hafa, ef þeir óska þess, rétt til setu á fundum hverfisráða með málfrelsi.</p>
<i>Verkstjórn og verkaskipting</i>	<i>Verkstjórn og verkaskipting</i>
<p>5. gr.</p> <p>Formenn hverfisráða eru í forsvari fyrir þau um stefnumótun og ákvarðanir þeirra eftir því sem við á.</p> <p>Bæjarráð ber ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana hverfisráðanna. Hverfisráð geta ekki stofnað til útgjalda eða skuldbindinga nema með samþykki bæjarráðs.</p>	<p>4. gr.</p> <p>Formenn hverfisráða eru í forsvari fyrir þau um stefnumótun og ákvarðanir þeirra eftir því sem við á.</p> <p>Bæjarráð ber ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana hverfisráðanna. Hverfisráð geta ekki stofnað til útgjalda eða skuldbindinga nema með samþykki bæjarráðs.</p> <p>Greitt er fyrir fundi á sama hátt og setu í nefndum sveitarfélagsins.</p>

<i>Boðun funda og fundarsköp</i>	<i>Boðun funda og fundarsköp</i>
<p style="text-align: center;">6. gr.</p> <p>Formaður hverfisráðs boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir og tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.</p> <p>Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar, eftir því sem við á.</p>	<p style="text-align: center;">5. gr.</p> <p>Formaður hverfisráðs boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins og þau mál sem bæjarráð/stjórnkerfi sveitarfélagsins hefur sent hverfisráði til umfjöllunar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.</p> <p>Hverfisráð halda að jafnaði fjóra fundi á ári. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.</p> <p>Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar eftir því sem við á.</p> <p>Hverfisráð hafa fundaraðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins í hverju hverfi fyrir sig, þar sem það er fyrir hendi. Þar sem svo háttar ekki til, útvegar sveitarfélagið fundarstað.</p>
<i>Fundaskipulag og ritun fundargerða</i>	<i>Fundaskipulag og ritun fundargerða</i>
<p style="text-align: center;">7. gr.</p> <p>Fundir hverfisráða eru að jafnaði opnir fulltrúum íbúasamtaka á viðkomandi svæði og skal þá gera ráð fyrir sérstökum dagskrárlið; fyrirspurnir og athugasemdir frá fulltrúum íbúasamtaka. Fyrirspurnir og athugasemdir má senda formanni hverfisráðs fyrirfram eða bera fram á fundinum. Við sérstakar aðstæður er heimilt að boða til fundar án nærveru fulltrúa íbúasamtaka. Sama gildir um einstaka dagskrárliði. Er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Hverfisráð skulu skrá fundargerðir og senda eftirrit fundargerða til bæjarráðs jafnóðum.</p>	<p style="text-align: center;">6. gr.</p> <p>Fundir hverfisráða skulu alla jafna haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum þeirra. Hverfisráðum er þó heimilt að hafa fundi sína opna fyrir íbúum viðkomandi hverfis. Skal þá gera ráð fyrir sérstökum dagskrárlið: Fyrirspurnir og athugasemdir frá íbúum. Fyrirspurnir og athugasemdir má senda hverfisráðinu fyrir fram eða bera fram á fundinum. Hverfisráð skal halda einn opinn íbúafund á ári og auglýsa hann sérstaklega.</p> <p>Hverfisráð skulu skrá fundargerðir og senda afrit fundargerða til bæjarráðs jafnóðum. Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.</p>

	<p>Fundargerðirnar eru teknar fyrir á fundum bæjarráðs sem vísar erindum sem fram koma í fundargerðum ráðanna áfram til viðkomandi sviða, deilda eða nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins eftir því sem tilefni eru til. Erindunum ber að svara með bréfi eða tölvupósti.</p> <p>Tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu sveitarfélagsins er bærarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar. Hann sér um að aðstoða ráðin við upplýsingaöflun úr stjórnkerfi sveitarfélagsins og að upplýsa hverfisráðin um afgreiðslu nefnda sveitarfélagsins og bærarstjórnar.</p> <p>Bærarstjóri sér einnig um að koma fundargerðum hverfisráða á dagskrá bæjarráðs.</p>
<i>Gildistaka</i>	<i>Gildistaka</i>
8. gr. Samþykkt þessi tekur þegar gildi.	7. gr. Samþykkt þessi tekur þegar gildi.
Samþykkt í bærarstjórn 9. febrúar 2011.	Samþykkt í bærarstjórn xx. apríl 2019